



Gengið svo til óbreytt milli mánaða

Krónan stóð næstum óbreytt í mánuðinum, og stóð í 155,3 krónum á evru í lok mánaðarins í samanburði við 155,0 í lok febrúar.

Þriðjungur af veltu mánaðarins á einum degi

Heildaveltan í mánuðinum var 110 m.evra (17,2 ma.kr.). Þetta er nokkuð minna en í febrúar og janúar, en vel yfir meðaltali seinustu ára. Af 21 viðskiptadegi voru 7 þar sem að enginn viðskipti áttu sér stað.

Um þriðjungur af veltu mánaðarins átti sér stað á einum degi, en fimmtudaginn 27 mars skiptu 34 m.evra um hendur. Þetta er fjórða mesta velta á einum degi síðan byrjun árs 2009. Þar af keypti Seðlabankinn (SÍ) 15 m.evra. Krónan styrktist þennan dag, evran lækkaði úr 156,5 í byrjun dagsins í 155,5 í lok dagsins.

Krónan styrktist í lok mánaðar


Innan mánaðar veiktist krónan fyrri hluta mánaðar, en styrktist undir lok mánaðar í nokkrum miklum viðskiptum.

Þetta er langt frá því að vera óvenjulegt munstur innan mánaðar. Síðan í byrjun árs 2013 hefur krónan styrkst á seinustu fimm virka daga mánaðarins 13 sinnum, en einungis veikst tvisvar. Að meðaltali hefur verið á einni evru lækkað um 58 aura á seinustu fimm dögum sem að markaðir eru opnir á þessu tímabili. Til samanburðar hefur verið á evru að meðaltali lækkað um 22 aura fyrstu fimm daga og hækkað um 66 aura þess á milli.

Á þessu tímabili hefur velta á seinustu fimm viðskiptadögum mánaðarins verið að meðaltali 6,5 m.evra á dag í samanburði við 3,6 m.evru veltu á dag fyrstu fimm dagana og 4,2 m.evru veltu þess á milli


Við teljum líklegast að hér séu fyrirtæki í útflutningi að selja gjaldeyri í lok mánaðar til þess að eiga fyrir launum og öðrum kostnaði í krónum um mánaðamót. Eðli skilvirkra fjármálamarkaða er hins vegar að þekktar hreyfingar eyðast, þannig að það

Gengispróun




Heimild: Bloomberg

Gjaldeyrismarkaðurinn í mars.



Heimild: Seðlabanki Íslands

Breyting á verði einnar evru innan mánaðar



Heimild: Bloomberg, Hagfræðideild

verður fróðlegt að fylgjast með hvort þetta munstur verði áfram við líði næstu mánuði.

Minnkandi afgangur af vöruskiptum við útlönd

Fyrstu tölur um vöruskipti við útlönd á árinu benda til að afgangur af þeim sé að dragast saman. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands var afgangur af vöruskiptum við útlönd á fyrsta fjórðungi 12,2 ma.kr. og hefur ekki verið minni síðan 2008.

Á móti kemur að skammtímaþróunir um þjónustujöfnuð, eins og velta erlendra greiðslukorta hér á landi, gistinætur á hótélum og komur í Leifsstöð, benda allar til að afgangurinn af þjónustuviðskiptum aukist milli ára. Við búumst því við að áframhald verði á þróun síðasta árs þar sem aukinn afgangur af þjónustuviðskiptum nær að vega upp á móti minni afgangi af vöruskiptum.


Áætlaðar afborganir af erlendum lánum minni en áður.

Fyrir utan jöfnuð á þjónustu og vöruskiptum eru það vaxtagreiðslur og afborganir af erlendum lánum sem munu skipta mestu máli varðandi þróun á gengi krónunnar næstu misseri. Hér er að vísu að horft framhjá hugsanlegum uppgjörum á þrotabúum föllnu bankana og aðgerðum í tengslum við afléttingu fjármagnshafta. Hvort um sig getur auðvitað gjörbylt myndinni.

Í mánuðinum birti fjármála- og efnahagsráðherra greinagerð um framgang áætlunar um losun fjármagnshafta¹. Meðal annars var þar uppfært mat frá SÍ um áætlaðar afborganir af erlendum lánum innlendra aðila, en SÍ hafði síðast birt þessar tölur í fjármálastöðuleikaskýrslu sem kom út í október í fyrra.


Áætlaðar afborganir í ár eru nú um 84 ma.kr. í samanburði við 95 ma.kr. í október í fyrra. Sömu sögu er að segja næstu ár, en á árunum 2015 til 2018 er nú áætlað að afborganir verði að meðaltali um 12 ma.kr. lægri á ári en talið var í október. Munar hér mestu um að áætlaðar greiðslur Landsbankans til LBI lækkuðu við að bankinn fyrirframgreiddi um 50 ma.kr. inn á skuld sína við LBI í lok árs 2013.

Breyting innan mánaðar
- jan '13 til mars '14




Heimild: Bloomberg, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild

Afgangur af vöruskiptum við útlönd



Á föstu gengi (vöruskiptavog við, mars 2014)
Heimild: Hagstofa Íslands

Áætlaðar afborganir af erlendum lánum innlendra aðila



Áætlaðar afborganir samkvæmt mati SÍ frá okt'13 og mars '14
Heimild: Seðlabanki Íslands, Fjármálaráðuneytið

¹ <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettir/Framgangur-aaetlunar-um-losun-fjarmagnshafta-17.03.14.pdf>



SÍ hafnaði öllum tilboðum í síðasta gjaldeyrisútboði

Seðlabankinn hélt gjaldeyrisútboð sem lið í losun hafta á fjármagnsviðskiptum í mánuðinum. Skemmst er frá að segja að bankinn ákvað að hafna öllum tilboðum í öllum þremur leggjum útboðsins.


Á kynningarfundum vegna vaxtaákvörðunar sem var daginn eftir gjaldeyrisútboðið kom fram að í raun hefði SÍ getað náð saman kaup- og sölutilboðum að verðmæti um einum milljarði króna. Hins vegar hafi bankinn ákveðið að hafna öllum tilboðum vegna þess hann taldi að eigendur aflandskrónur hafi „rottað sig saman“ um verð.

Næsta gjaldeyrisútboð er fyrirhugað 14. maí.

Raungengið hækkar áfram


Á fyrsta fjórðungi hækkaði raungengið um 5,1% milli fjórðunga miðað við hlutfallslegt verðlag og 14,0% miðað við hlutfallslegan launakostnað. Raungengið hefur hækkað nokkuð jafnt síðan byrjun árs 2010, en hækkun raungengis er vísbending um að samkeppnisstaða útflutningsatvinnuvega sé að veikjast.

Gengi í gjaldeyrisútboðum SÍ



Heimild: Seðlabanki Íslands

Raungengi



Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.